



Samþykkt fyrir Afrekssjóð ÍBV íþróttafélags

1. grein

Sjóðurinn heitir Afrekssjóður ÍBV íþróttafélags og er í vörslu aðalstjórnar ÍBV íþróttafélags.

2. grein

Markmið sjóðsins er að:

- styrkja afreksíþróttamenn til keppni yngri landsliða í íþróttum á erlendri grund. Afreksmaður í íþróttum er sá sem á landsvísu nær frammúrskarandi árangri í íþróttagrein sinni.
- auðvelda öllum iðkendum félagsins að taka að sér landsliðsverkefni án tillit til aðstæðna.

3. grein

Framkvæmdastjóri félagsins sér um úthlutun úr sjóðnum fyrir hönd aðalstjórnar. Úthlutunin verður sem hér segir:

- Ferð innan Norðurlanda 40.000
- Ferð innan Evrópu 50.000
- Ferð utan Evrópu 60.000

4. grein

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir

- 1. janúar ár hvert gengur aðalstjórn úr skugga um að í sjóðnum sé ein milljón
- Framlög og áheiti
- Vaxtatekjur

5. grein

Allir þeir íþróttamenn sem þiggja styrk úr Afrekssjóði ÍBV íþróttafélags skulu hlíta þeim reglum sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjæftirlit, svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Gerist styrkþegi brotlegur gegn þessum reglum getur stjórn sjóðsins stöðvar greiðslur til styrkþega og jafnvel krafist endurgreiðslu styrksins.

6. grein

Úthlutað er úr sjóðnum eftir þörfum. Aðeins verður úthlutað til þeirra íþróttagreina sem ÍBV íþróttafélag stendur straum að. Umsækjandi um styrki úr Afrekssjóði þarf að vera á fimmtánda ári eða eldri og hafa verið iðkandi hjá félaginu í a.m.k. 6 mánuði.

Með umsóknum skulu fylgja:

- a) Greinagerð um markmið íþróttamannsins.
- b) Fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðs ferðalags.
- c) Staðfesting sérsambands
- d) Önnur gögn er stjórn sjóðsins kann að telja nauðsynleg.

Aðstandendur sjóðsins geta farið fram á það við styrkþega að þeir komi fram á vegum sjóðsins eða skili inn skýrslu vegna verkefnisins.

7. grein

Samþykkt þessi tekur gildi þegar aðalfundur ÍBV íþróttafélags hefur staðfest hana.